



Fundargerð

31. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 16. október 2024, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 288. fundar skipulagsnefndar UTU - 2410009

Lögð fram fundargerð 288. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-211.

Mál nr. 1; Ásmundarstaðir 2 (L165266); byggingarheimild; aðstöðuhús - 2409022.

Móttækin var umsókn þann 09.09.2024 um byggingarheimild fyrir 52 m² aðstöðuhús á jörðinni Ásmundarstaðir 2 L165266 í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu er vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 2; Áskot lóð 3 L203831; Borholur; Framkvæmdarleyfi - 2409047.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til borunar á hitastigulsholur við Ás og þar í kring til að kortleggja hitastigulinn á svæðinu. Fyrir liggja samningar við landeigendur sem taka til viðkomandi framkvæmda.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem fyrir liggja samningar við landeigendur um framkvæmdina telur nefndin ekki þörf á grenndarkynningu vegna málsins.

Mál nr. 23; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-211 - 2409002F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-211.

2. Fundargerð 289. fundar skipulagsnefndar UTU - 2410021

Lögð fram fundargerð 289. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-212.

Mál nr. 1; Ás III-1 land L204646; Bygging tjaldhýsa; Deiliskipulag - 2405108.

Lögð er fram eftir auglýsingu tillaga deiliskipulags sem tekur til lands Vesturáss og Áss 3 land III-1. Innan svæðisins eru skilgreindar byggingarheimildir sem taka til uppbyggingar á íbúðarhúsi, hesthúsi og reiðskemmu auk kúlutjalda sem ætluð eru til útleigu. Gerðar hafa verið breytingar á aðkomu að landinu frá auglýstri tillögu.

194
Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'ABH', 'KAR', 'BI', 'FG', and 'AW'.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að ekki sé ástæða til auglýsa málið að nýju vegna breyttrar veltengingar þar sem samþykkt Vegagerðarinnar vegna bráðabirgðar veltengingar að landinu liggur fyrir, skipulagsfulltrúi fundaði jafnframt með Vegagerðinni vegna málsins sem stendur við fyrri umsögn vegna málsins með fyrirvara um að komi til breytinga á deiliskipulagi svæðisins sem verði til þess að umferð um afleggjarann verði meiri þurfi hugsanlega að endurskoða viðkomandi tengingu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 32; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-212 - 2409004F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-212.

3. Nefnd um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi - 8 - 2409002F

3.1 2404027 - Staða framkvæmda á útivistarstíg um Faxatröð

Hreppsnefnd samþykkir að óska eftir því við Verkis að verkið verði tekið út í samræmi við verðkönnunargögn.

3.2 2309001 - Ákvörðun um næstu skref

Hreppsnefnd beinir því til nefndarinnar að kortlagðar verði hugmyndir um legu meginstofnleiða í gegnum sveitarfélagið ásamt minnisblaði um stöðu mála varðandi samskipti nefndarinnar við einstaka landeigendur.

4. Fundargerð 85. fundar stjórnar Félags- og skólajónustu. - 2410011

Lögð fram fundargerð 85. fundar stjórnar Félags- og skólajónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. ásamt rökstuðningi vegna ráðningu verkefnastjóra farsældarlaganna. Dagskrárliður nr. 1 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti afgreiðslu stjórnar skv. dagskrárlið 1 og veitir fyrir sitt leyti heimild til að leitað verði tilboða í verkefnastjórn fyrir samþættingu þjónustu í tengslum við lög um farsæld barna, en verkefnastjóri myndi jafnframt leiða samþættingu þjónustunnar.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

5. 5. vinnufundur stjórnar Odda bs um þróun leikskólastarfs - 2410018

Lögð fram fundargerð 5. vinnufundar stjórnar Odda bs. um þróun leikskólastarfs. Einnig lögð fram skýrsla um þróun þjónustu í leikskólum Odda bs. unnin var af Skólastofunni slf.

Til kynningar.

6. Fundargerð 29. fundar stjórnar Odda bs. - 2410015

Lögð fram fundargerð 29. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

7. Fundargerð 30. fundar stjórnar Odda bs. - haustfundur - 2410017

Lögð fram fundargerð 30. fundar stjórnar Odda bs. sem jafnframt var haustfundur Odda bs. Einnig lagðar fram starfsáætlanir leik- og grunnskóla sveitarfélaganna.

Til kynningar.

8. Fundargerð 239. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2410008

HAF
PI Kfr.
SW

Lögð fram fundargerð 239. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
Til kynningar.

9. Fundargerð 76. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2410003

Lögð fram fundargerð 76. fundar stjórnar Bergrisans bs.
Til kynningar.

10. Fundargerð 77. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2410016

Lögð fram fundargerð 77. fundar stjórnar Bergrisans bs.
Til kynningar.

11. Fundargerð 16. fundar stjórnar Arnardrangs hses - 2410004

Lögð fram fundargerð 16. fundar stjórnar Arnardrangs hses.
Til kynningar.

12. Fundargerð 17. fundar stjórnar Arnardrangs hses - 2410007

Lögð fram fundargerð 17. fundar stjórnar Arnardrangs hses.
Til kynningar.

13. Fundargerð 327. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2410005

Lögð fram fundargerð 327. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
Til kynningar.

14. Fundargerð 238. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2410010

Lögð fram fundargerð 238. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, ásamt bréfum frá Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, dags. 6. júní 2024, og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 19. september 2024.

Til kynningar.

15. Fundargerð 239. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2410020

Lögð fram fundargerð 239. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
Til kynningar.

16. Fundargerð 613. fundar stjórnar SASS - 2410006

Lögð fram fundargerð 613. fundar stjórnar SASS.
Til kynningar.

17. Fundargerð 614. fundar stjórnar SASS - 2410024

Lögð fram fundargerð 614. fundar stjórnar SASS.
Til kynningar.

18. Fundargerð 76. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2410013

ABH
Khr.
PI
196
EW

Lögð fram fundargerð 76. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

19. Fundargerð 951. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2410002

Lögð fram fundargerð 951. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

20. Fundargerð 952. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2410014

Lögð fram fundargerð 952. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

21. Uppfærð skipulagslýsing Ásmúlasel, Ásmúla 1B og Ásmúla 1C - 2410026

Lögð fram uppfærð skipulagslýsing Ásmúlasel, Ásmúla 1B og Ásmúla 1C, breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag fyrir verslunar- og jónustusvæði. Skipulagslýsing var kynnt á opnum íbúafundi á Laugalandi þann 3. október s.l. Lagt er fram minnisblað sveitarstjóra sem tekið var saman á fundinum. Einnig lagt fram erindi til hreppsnefndar Ásahrepps, dags. 10. október 2024, frá íbúum við Ásveg og öðrum hagaðilum þar sem farið er fram á að hreppsnefnd vísi frá og hætti við að auglýsa umrædda skipulagslýsingu. Krafist er að hætt verði við umræddar breytingar á skipulagi og þess krafist að aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 haldist óbreytt í þágu íbúa og með almannahagsmunum ofar sérhagsmunum. Lagt var fram tölvuskeyti Torfa G. Yngvasonar, dags. 14. október 2024, þar sem tilkynnt er að framlögð skipulagslýsing um breytingu á Aðalskipulagi Ásahrepps er dregin til baka.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að falla frá frekari kynningu á skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Ásmúlasel, Ásmúla 1B og Ásmúla 1C í Ásahreppi og lýsingin verði ekki kynnt frekar. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að ekki verði gerð breyting á Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 sem tekur til þeirrar uppbyggingar á þessu svæði sem tilghreind er í skipulagslýsingunni.

Þessi ákvörðun hreppsnefndar Ásahrepps byggir á þeim athugasemdum sem fram koma í bréfum frá íbúum og hagaðilum, dags. 10. október 2024, og barst hreppsnefnd eftir íbúafund sem haldinn var 3. október 2024 þar sem skipulagslýsing og uppbyggingaráform voru kynnt. Þessi ákvörðun er einnig í samræmi við ákvörðun Steinar Resort ehf (Torfa G. Yngvasonar) að draga málið til baka í ljósi afstöðu íbúa til málsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps fagnar þeirri þátttöku sem varð meðal íbúa og hagaðila á íbúafundi þann 3. október s.l. þar sem skýr afstaða kom fram í málinu. Afstaða íbúa og hagaðila átti að vera grundvöllur fyrir frekari ákvarðanatöku hreppsnefndar gagnvart þessum uppbyggingaráformum.

22. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025 - 2028 - 2410019

Lögð fram frumdrög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2025-2028.

Umræða varð um drögin og sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim forsendum sem liggja til grundvallar. Ljóst er að margar forsendur eru ekki komnar fram ennþá, en þessum drögum er ætlað að gefa vísbendingu um reksturinn næstu fjögur ár að teknu tilliti til þjóðhagsspár m.m.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar fjárhagsáætlun til næsta reglubundna fundar Ásahrepps, en á þeim tíma ættu allflest forsendur að liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar.

23. Tenging One málakerfis við pósthólfíð á island.is - 2409014

Þessum dagskrárlið var frestað á 30. fundi hreppsnefndar Ásahrepps og sveitarstjóra falið að leita upplýsinga um aðra möguleika.

Lagt fram tilboð Spektra varðandi uppsetningu og rekstur skjala- og fundarkerfi með tengingu

við Þjóðskrá. Einnig lagt fram skjal sem sýnir sambanburð á kostnaði við að taka upp nýtt kerfi frá Spektra og kostnað við að halda áfram samningum við OneSystem með þessari nýju viðbót um birtingu skjala á Island.is.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að kaupa lausn OneSystem vegna tenginga við pósthólf Island.is til opinberra birtinga. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningum við OneSystem og undirrita samning um kaup kerfisins.

24. Námugjöld vegna efnistöku innan Þjóðlendna - 2408020

Lagt fram tölvuskeyti forsætisráðuneytisins, dags. 30. september 2024, ásamt álitgerð um Guðjóns Bragasonar varðandi samning Landsvirkjunar og ríkisins og fleiri þátta.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins, en þetta í skoðun hjá forsætisráðuneytinu og mun skýrari línur munu liggja fyrir eftir næsta fund ráðgjafanefnd um Þjóðlendur sem haldinn verður 3. desember n.k.

25. Styrkbeiðni Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu - 2410001

Lagt fram bréf Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu, dags. 27. september 2024, þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 20.000 vegna mótshalds í Vatnaskógi með væntanlegum fermingarbörnum í sýslunni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbedinn styrk.

26. Styrkbeiðni Samtakanna '78 - 2410022

Lagt fram tölvuskeyti Samtakanna '78, dags. 20. september 2024, þar sem samtökin óska eftir fjárstyrk til reksturs samtakanna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita samtökunum styrk að fjárhæð kr. 10.000.

27. Styrkbeiðni Krabbameinsfélagsins Framför - 2410023

Lagt fram tölvuskeyti Krabbameinsfélagsins Framför, dags. 7. október 2024, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna styrktarátaksins "Blái trefillinn".

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk til verkefnisins að upphæð kr. 10.000.

28. Styrkbeiðni vegna Dags sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu - 2410025

Lagt fram tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur f.h. nefndar um "Dag sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu", dags. 11. október 2024, þar sem óskað er eftir fjárstyrk frá Ásahreppi til að standa undir kostnaði við framkvæmd viðburðarins "Dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu".

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita fjárstyrk að upphæð kr. 50.000 til verkefnisins.

29. Fyrirkomulag greiðslna til sveitarfélaga vegna söfnunar plastvara á víðavangi - 2410012

Lagt fram bréf Úrvinnslusjóðs, dags. 26. september 2024, þar sem upplýst er um fyrirkomulag greiðslna til sveitarfélaga vegna söfnunar plastvara á víðavangi og úr rulabiðum árin 2023 og 2024. Ásahreppur fær greiddar kr. 38.383.

Til kynningar.

30. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

KH. HHH
BI
198
EJ.
M

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2024.

Til kynningar.

31. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 20. nóvember 2024. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi og hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 12:00.




Ísleifur Jónasson



Nanna Jónsdóttir




Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Hólgadóttir



Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson